

Reglur

um námsmat fyrir Háskólasetur Vestfjarða

1.gr.

Almennt um námsmat við Háskólasetur Vestfjarða

Námsmat við Háskólasetur Vestfjarða byggir á símati og/eða lokamati. Með *símati* er átt við námsmat sem fer fram á meðan á námskeiði stendur, til dæmis með símatsprófum, ritgerðum, munnlegum og skriflegum skýrslum, dagbókum, námsmöppum (portfolios) eða þátttöku í kennslustundum. Með *lokamati* er átt við formlegt mat í lok námskeiðs, svo sem prófi, ritgerð, málstofu, vörn eða mat á verklegu námi.

Umsjónarkennarar námskeiðs ákveða tilhögun námsmats í samræmi við hæfniviðmið og í samráði við stjórnendur námsleiðar (fagstjóra, kennslustjóra) og skal hún kynnt nemendum í kennsluáætlun eigi síðar en á upphafsdegi námskeiðs. Eftir að námskeið er hafið eru breytingar á tilhögun námsmats háðar samþykki allra nemenda og kennara í hlutaðeigandi námskeiði.

Við námsmat skal taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til nemenda sem sannanlega eru með viðurkenndar sérþarfir, s.s. varðandi verkefnaskil, próftíma, nauðsynlegan búnað og staðsetningu prófa. Óski nemandi eftir sérúrræðum við verkefnagerð eða próftöku skal hann leggja fram faglegt mat sérfræðings um námsþarfir hans á grundvelli skerðingar, áfalls eða veikinda.

2.gr.

Hlutverk og skyldur kennara

- a) *Undirbúningur prófs/lokaritgerða/verkefna í námskeiði.* Umsjónarkennari samræmir prófspurningar eða verkefni/ritgerðir í þeim námskeiðum sem hann hefur umsjón með.
- b) *Útskýringar á verkefnum/prófspurningum.* Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga/ verkefna. Kennarar skulu útskýra fyrir nemendum eðli verkefna eftir þörfum og bestu getu. Ef kennari er bara til staðar hluta námskeiðsins þá ber honum að svara tölvupóstum frá nemendum varðandi námskeiðið fljótt og vel á meðan á námskeiði stendur.
- c) *Meðferð prófúrlausna/ritgerða/lokaverkefna í námskeiði.* Umsjónarkennari sér til þess að allir kennarar námskeiðs skili inn einkunnum vegna síns hluta námskeiðsins til umsjónarkennara. Umsjónarkennara ber síðan að skila kennslustjóra eintaki af prófi/ritgerð/lokaverkefni nemenda úr námskeiði. Að liðnum tveimur árum frá prófdegi/lokum námskeiðs skal prófúrlausnum/ritgerðum/lokaverkefnum námskeiðs eytt.

- d) *Einkunnaskil*. Umsjónarkennari námskeiðs skilar lokaekunn til kennslustjóra eigi síðar en fjórtán dögum eftir að námskeiði lýkur. Sé fleiri en einn kennari í námskeiði skulu kennarar skila einkunnum úr einstökum námskeiðshlutum til umsjónarkennara eigi síðar en 12 dögum eftir að námskeiði lýkur. Tilkynna skal nemendum ef veikindi kennara eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður koma í veg fyrir að hægt sé að skila einkunnum námskeiðs á tilskildum tíma.

3.gr.

Hlutverk og skyldur kennslustjóra

Kennslustjóri skal ganga úr skugga um að kennarar uppfylli sínar skyldur gagnvart nemendum. Kennarar skulu gera kennslustjóra grein fyrir hvernig námsmati í námskeiði þeirra verður háttáð a.m.k. tveimur vikum áður en námskeið hefst. Kennslustjóri og fagstjóri eru til ráðgjafar varðandi viðeigandi námsmatsþætti ef á þarf að halda. Kennslustjóri er til ráðgjafar um túlkun námsmatsreglna. Kennslustjóri sér um að úrræðum vegna nemenda með sérþarfir sé framfylgt.

4.gr.

Skipun prófdómara

Prófdómari skal að jafnaði hafa lokið viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla (a.m.k. meistara- eða kandídatsprófi) í greinum sem tengjast námi í haf- og strandsvæðastjórnun eða greinum sem tengjast sérstaklega þeim verkefnum/ritgerðum sem viðkomandi er prófdómari í. Prófdómari skal skipaður af meistaránámsnefnd í eftirfarandi tilvikum:

- a) Vegna munnlegra og verklegra prófa
- b) Vegna lokaverkefna
- c) Vegna sérstakrar beiðni meirihluta nemenda eða umsjónarkennara um að prófdómari fari yfir námsmat með tilliti til uppbyggingar og markmiða námskeiðs
- d) Vegna beiðni nemenda sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn í námskeið

5. gr.

Skráning í námskeið – námsmatsþættir – fjarvistir nemenda

Þar sem námskeið eru kennd í eins til fjögurra vikna lotum er engin föst próftíð í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. Við lok hvers námskeiðs skulu nemendur hafa lokið öllum námsmatsþáttum í viðkomandi námskeiði og tilbúinir að hefja nám á næsta námskeiði.

Litið er svo á að allir námsmatsþættir séu skylduþættir, nema kennari tiltaki annað á kennsluáætlun sinni.

- a) *Skráning í námskeið.* Nemendur eru skráðir í öll skyldunámskeið þegar þeir hefja nám en þurfa síðar sjálfir að skrá sig í valnámskeið. Skráningu í valnámskeið vegna haustannar skal vera lokið 15. október hvert ár, vegna vorannar 15. nóvember og vegna sumarannar 15. febrúar.
- b) *Fjarvist vegna veikinda.* Nemandi sem getur ekki lokið einhverjum námsmatsþætti námskeiðs vegna veikinda, þ.m.t. veikindi barns, skal tilkynna forföll samdægurs. Læknisvottorði eða vottorði frá sérfræðingi vegna forfalla skal skilað til kennslustjóra eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að námskeiði líkur.
 - i. *Próf* – Sjúkrapróf er haldið eins fjótt og mögulegt er, 2 – 3 dögum eftir að veikindum lýkur, þó ekki eftir að nýr áfangi hefur hafið göngu sína. Sjúkrapróf er í síðasta lagi haldið á endurtektartímabili (að loknu jólafríi, páskafríi og í byrjun júlí).
 - ii. *Verkefni* – Nemandi á rétt á að skila inn verkefni sem hann hefur misst af vegna veikinda, samkvæmt samkomulagi við kennara, en í síðasta lagi á endurtektartímabili (að loknu jólafríi, páskafríi og í byrjun júlí). Ef af einhverjum ástæðum er ekki unnt að endurtaka ákveðna námsmatsþætti sem nemandi fellur í hefur kennari möguleika á að leggja fyrir nemanda annað sambærilegt verkefni. Tryggja þarf að kennari sé meðvitaður um mikilvægi þess að jafnræði meðal nemanda sé gætt.
- c) *Fjarvist vegna lögmætra forfalla.* Ef nemandi getur ekki mætt í námsmat vegna lögmætra forfalla gilda sömu reglur og um veikindi væri að ræða. Nemandur tilkynna forföll eins fljótt og unnt er, aldrei síðar en daginn sem námsmat fer fram til kennslustjóra. Ef upp koma vafamál, þá metur forstöðumaður Háskólaseturs hvort að leyfi skuli veitt eða ekki.
- d) *Fjarvist án lögmætra forfalla.* Nemandi mætir ekki til námsmats án þess að lögmæt forföll hindri hann til þess.
 - i. *Próf* – Nemandi fær 0 í prófi og á ekki rétt á endurtekt.
 - ii. *Verkefni* – Nemandi fær 0 fyrir námsmatsþáttinn og á ekki rétt á endurtekt.
- e) *Fall.* Möguleiki er á endurtekt samkvæmt liðum i. og ii. ef nemandi náði a.m.k. 3 í einkunn fyrir námsmatsþáttinn (30% af markmiðum – ekki námundað upp).
 - i. *Próf* – Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn á hann rétt á að endurtaka prófið. Endurtektarpróf eru haldin á endurtektartímabili (að loknu jólafríi, páskafríi og í byrjun júlí).
 - ii. *Verkefni* – Ef námsmat liggur fyrir áður en námskeiði lýkur er æskilegt að skil séu áður en næsta námskeið hefst (mánudaginn á eftir klukkan 8:00). Ef námsmat liggur ekki fyrir fyrr en eftir að næsta námskeið hefst, eru skil ákveðin að lokinni önninni, aldrei síðar en á endurtektartímabili.
 1. *Skylduverkefni*- heimilt er að endurtaka öll skylduverkefni sem nemandi fellur í.
 2. *Valverkefni* – heimilt er að endurtaka eitt valverkefni í hverju námskeiði. Ef nemandi fellur í fleiri en einu verkefni velur hann hvaða verkefni hann vill endurtaka.

Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn í aðalprófi og endurtektarprófi verður hann að sitja námskeiðið aftur.

- f) *Próftökugjald.* Háskólasetri Vestfjarða er heimilt að innheimta próftökugjald fyrir endurtökupróf og skal greiðsla fara fram við skráningu í próf. Tekið er mið af próftökugjaldi Háskólans á Akureyri sem er skólaárið 2012-2013 6000 krónur.
- g) *Ítrekað fall.* Endurtökuréttur er til staðar í tveimur kjarnanámskeiðum. Falli nemandi í fleiri en tveimur kjarnanámskeiðum telst hann hafa fallið úr námi og þarf að sækja um að hefja námið á ný næsta skólaár.
- h) *Ritstuldur eða prófsvindl.* Sé nemandi grunaður um að hafa rangt við í prófi eða verkefnavinnu skal kennari tilkynna það til kennslustjóra. Verði nemandi uppvís að ritstuldi í verkefni/ritgerð skal kennari tilkynna það umsvifalaust til kennslustjóra. Máli nemandans skal síðan vísa til meistaranámsnefndar sem tekur ákvörðun um viðurlög og þá eftir atvikum í samráði við kennslustjóra og fagstjóra. Mál varðandi ritstuld er farið með í samræmi við reglur Háskólaseturs Vestfjarða um ritstuld.

6.gr.

Einkunnir

- a) *Lokaeinkunn í námskeiði.* Umsjónarkennari sér um að reikna út lokaeinkunn hvers nemanda í námskeiði. Hafi nemandi staðist námsmatsþátt en ekki náð tilskilinni lokaeinkunn, gildir einkunn fyrir þann námsmatsþátt sem nemandinn stóðst aðeins á viðkomandi skólaári. Ef prófdómari er kallaður til gefa kennari og prófdómari hvor um sig sjálfstætt einkunn og gilda þær jafnt í einkunnagjöf eða 50% af heildareinkunn hvor um sig. Nemendur skulu ná lágmarkseinkunn í öllum hlutum námsmats, nema annað sé tekið fram. Lágmarkseinkunn til þess að standast námsmat eða námsmatsþátt í námskeiði er að jafnaði einkunnin 5 og getur aldrei orðið lægri. Meistaránámsnefnd getur í samráði við kennara námskeiðs og fagstjóra ákveðið að námskeið sé metið með bókstaf S (staðið). Kennslustjóri sér um færslu, birtingu og varðveislu lokaeinkunna.
- b) *Útskýringar á einkunn.* Umsjónarkennari skal senda nemendum sundurliðun einkunnar innan 3 daga frá birtingu lokaeinkunnar. Sundurliðunin skal byggja á forsendum (t.d. rubrics) sem nemendum voru gefnar upp í kennsluáætlun í upphafi námskeiðs. Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati verkefna ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Útskýringar á mati fela í sér að kennari gefi nemanda upp útskýringar á hverri einkunn í samræmi við þær forsendur sem gefnar voru upp í upphafi námskeiðs í kennsluáætlun (t.d. rubrics).
- c) *Skipun prófdómara.* Vilji nemandi sem ekki hefur staðist námskeið ekki una mati kennarans að fenginni útskýringu getur hann með skriflegri beiðni óskað eftir skipun prófdómara innan fjögurra vikna frá birtingu einkunnar (sbr. 4.gr.).
- d) *Útreikningar á einkunnum.* Lokaeinkunnir í námskeiðum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10 sem hér segir:

0–2,4% gefur einkunnina 0,0	47,5–52,4% gefur einkunnina 5,0
2,5–7,4% 0,5	52,5–57,4% 5,5
7,5–12,4% 1,0	57,5–62,4% 6,0
12,5–17,4% 1,5	62,5–67,4% 6,5
17,5–22,4% 2,0	67,5–72,4% 7,0
22,5–27,4% 2,5	72,5–77,4% 7,5
27,5–32,4% 3,0	77,5–82,4% 8,0
32,5–37,4% 3,5	82,5–87,4% 8,5
37,5–42,4% 4,0	87,5–92,4% 9,0
42,5–47,4% 4,5	92,5–97,4% 9,5
	97,5–100% 10,0

- e) *Önnur einkunnagjöf.* Eftirfarandi bókstafi er einnig heimilt að nota í einkunnakerfi: S (staðið), L (lokið), M (metið), F (fjarverandi), V (veikindi), Ó (ólokið).
- f) *Lokaeinkunn námsferils.* Lokaeinkunn námsferils er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Lokaeinunn námsferils reiknast með tveimur aukastöfum og er 9,00-10,00 ágætiseinkunn, 7,25-8,99 fyrsta einkunn, 6,00-7,24 önnur einkunn og 5,00-5,99 þriðja einkunn.

7.gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar að fyrirmynd námsmatsreglna HA sem eru settar samkvæmt heimild í lögum um opinbera háskóla nr.85/2008 og reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr.387/2009. Reglurnar taka gildi 1.september 2010.

Samþykkt á fundi meistarnámsnefndar haf- og strandsvæðastjórnunar Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði 17.september 2010.

Endurskoðað í október 2012

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða